



# Skipulag stærri heilsugæslustöðva

Viðmið um húsnæði og  
starfsemi

**Útgefandi:**

Heilbrigðisráðuneytið

September 2020

[hrn@hrn.is](mailto:hrn@hrn.is)

<https://www.stjornarradid.is>

**Umbrot og textavinnsla:**

Heilbrigðisráðuneytið

©2020 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-477-89-7

# Efnisyfirlit

1. Forsendur .....	4
2. Inngangur .....	5
3. Grundvöllur þjónustunnar og hugmyndafræði.....	5
4. Stærð og fyrirkomulag.....	6
5. Forsendur fyrir rýmisþörf.....	7
Fylgiskjal.....	8

# 1. Forsendur

Í byrjun árs 2019 óskaði heilbrigðisráðuneytið eftir því við fjármála- og efnahagsráðuneytið að Framkvæmdasýslu ríkisins yrði falið að vinna samræmd stærðarviðmið fyrir húsnæði heilsugæslustöðva sem grundvöll fyrir frumathuganir og húsrýmisáætlanir fyrir þessar stofnanir.

Framundan var vinna við gerð frumathugana og húsrýmisáætlana fyrir heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Til að samræma þessa áætlanagerð meðal annars á grundvelli fjölda skjólstæðinga hveðrar stöðvar, þjónustu sem boðið er upp á og fleiri þátta þótti nauðsyn að hafa samræmd stærðarviðmið húsnæðis. Við vinnslu viðmiðanna þótti skynsamlegt að stærðarviðmiðin myndu ekki einungis taka til framangreindra heilsugæslustöðva heldur yrði líka miðað við heilsugæslustöðvar sem væru með um 10.000 skráða skjólstæðinga. Viðmiðin taka því einnig til annarra heilsugæslustöðva á landsbyggðinni sem falla undir stærðarviðmiðin.

Heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru flestar með um og yfir 10.000 skráða skjólstæðinga.

Á landsbyggðinni eru þrjár heilsugæslustöðvar með yfir 10.000 skráða skjólstæðinga en það eru Heilsugæslan á Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi. Ein stöð er með á milli 5.000-10.000 skráða skjólstæðinga, 18 stöðvar eru með 1.000 – 5.000 skráða skjólstæðinga og 30 stöðvar eru með undir 1.000 skráða skjólstæðinga.

Þó að þessi stærðarviðmið taki aðeins til stærri heilsugæslustöðva geta þau verið gagnleg til að hafa til hliðsjónar fyrir minni stöðvar á landsbyggðinni. Aðstæður og þjónustufarir hinna ýmsu svæða eru samt það mismunandi að meta þarf hvert tilvik fyrir sig og horfa til sérstöðu viðkomandi svæðis ásamt mögulegri samnýtingu með annarri starfsemi.

## 2. Inngangur

Heilsugæslustöðvar sinna fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu og eftir atvikum annars stigs heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu þar sem notendur eiga meðal annars kost á almennum lækningum, hjúkrun, endurhæfingu, heilsuvernd og forvörnum, sálfræðiþjónustu, geðvernd og mæðra- og ungbarnavernd. Þar er einnig veitt bráða- og slysamóttaka. Í reglugerð er nánar skilgreind sú þjónusta sem þar er veitt.

Auk þeirrar heilbrigðisþjónustu sem þar er veitt er einnig veitt fjölbreytt kennsla og þjálfun til heilbrigðisstétta. Þaðan getur einnig verið sinnt heimahjúkrun.

Hlutverk starfsmanna heilsugæslustöðva er að stuðla að bættu heilbrigði almennings á þjónustusvæði viðkomandi stöðvar. Heilsugæslan skal veita skjólstaðingum sínum samfellda, heildstæða, aðgengilega og faglega þjónustu. Heilsugæslunni ber að vinna að auknum lífsgæðum landsmanna með því að vernda og efla heilsu þeirra, stunda fræðslu og hafa frumkvæði að þróun og eflingu þjónustunnar.

Um rekstur og starfsemi heilsugæslustöðva gilda lög nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum, og reglugerð nr. 1111/2020 sem fjallar um heilsugæslustöðvar.

## 3. Grundvöllur þjónustunnar og hugmyndafræði

Samkvæmt lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu er landinu skipt upp í sjö heilbrigðisumdæmi. Í hverju heilbrigðisumdæmi er starfrækt heilbrigðisstofnun sem veitir almenna heilbrigðisþjónustu<sup>1</sup> í umdæminu. Í lögnum er kveðið á um grunnskipulag heilbrigðisþjónustunnar í landinu og í reglugerð nr. 1111/2020 sem fjallar um heilsugæslustöðvar, er m.a. kveðið á um skipulag heilsugæslu og annarrar heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmum. Þannig segir að heilbrigðisþjónusta skuli veitt á viðeigandi þjónustustigi og heilsugæslan skuli að jafnaði vera fyrsti viðkomustaður notenda heilbrigðisþjónustu. Almenn heilbrigðisþjónusta skal að jafnaði veitt í heimabyggð en notendur eiga þó rétt á

---

<sup>1</sup> Frumvarp til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 var samþykkt á Alþingi þann 26. júní 2020. Þær breytingar sem lagðar voru til í frumvarpinu er ætlað að samræma umrædd lög heilbrigðisstefnu til ársins 2030 sem samþykkt var á Alþingi vorið 2019. Kjarni breytinganna á lögum um heilbrigðisþjónustu sem nú hafa verið lögfestar felst í því að skilgreiningum á heilbrigðisþjónustu er skipt í þrjú stig, þ.e. fyrsta, annars og þriðja stigs heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslustöðvar sinna fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu og eftir atvikum annars stigs heilbrigðisþjónustu.

að leita til þeirrar heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni. Heilbrigðisstefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030, sem samþykkt var á Alþingi 3. júní 2019, styður við þetta<sup>2</sup>. Heilbrigðisstefnan skapar mikilvægan ramma fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. Þar er m.a. fjallað um mikilvægi þess að rétt þjónusta sé veitt á réttum stað og heilsugæslunni ætlað þar stórt hlutverk.

Markmið með rekstri heilsugæslustöðva er að tryggja öllum landsmönnum fullnægjandi heilsugæslu í heimabyggð. Í reglugerð um heilsugæslustöðvar er mælt fyrir um rétt hvers einstaklings til að fá skráningu á heilsugæslustöð og skal stöðin sem viðkomandi tilheyrir leitast við að tryggja það. Ef ekki reynist unnt að skrá einstakling sem skjólstæðing tiltekins heimilislæknis á heilsugæslustöð skal þess þó gætt að hann njóti sambærilegrar þjónustu á stöðinni og aðrir.

Kjarninn í hugmyndafræði við skipulag húsnæðis fyrir heilsugæslu tekur mið af því að hægt sé að skipuleggja þjónustuna þannig að hún mæti sem best þörfum notenda. Einnig þarf að tryggja möguleika til breytinga og þróunar þjónustunnar eftir því sem þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu vindur fram og áherslur breytast, s.s. til teymisvinnu, þverfaglegrar þjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu.

## 4. Stærð og fyrirkomulag

Í þarfagreiningu þarf að horfa til hugmyndafræði um þá þjónustu sem veita skal á heilsugæslustöðvum og mögulegrar þróunar hennar, sbr. kafla um hugmyndafræði. Stærð og skipulag húsnæðis skal taka mið af:

- Fjöldi íbúa/skjólstæðinga viðkomandi þjónustusvæðis.
- Þeirri þjónustu sem veitt er.
- Möguleika til breytinga á þjónustu og þróunar hennar.

Skipulag húsnæðis skal vera með þeim hætti að þjónusta við notendur og rekstur stöðvarinnar verði skilvirkur og að það henti vel fyrir teymisvinnu starfsmanna. Einnig skal taka mið af mögulegum tækninýngum sem bætt geta þjónustuna og aðgengi að henni.

Aðgangsstýring ásamt innra skipulagi skal stuðla að öruggu umhverfi starfsfólks og notenda þjónustunnar. Sömu kröfur eru gerðar til húsnæðis og skipulags þess burt séð frá rekstrarformi.

---

<sup>2</sup> Sjá breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 á vefslóð:

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1877.html>

## 5. Forsendur fyrir rýmisþörf

Sú breyting hefur verið gerð í húsrýmisáætlun sem fylgir þessum viðmiðum frá fyrri húsrýmisáætlunum að stærð stöðva er ekki lengur metin út frá fjölda lækna á hverri stöð heldur er húsnæðisþörfin nú metin út frá ákveðnum fermetrafjölda á hvern skráðan skjólstæðing.

Í þessum viðmiðum er miðað við að fyrir hverja 1.000 skráða skjólstæðinga þurfi 90 fermetra húsnæði. Þessi viðmið gera ráð fyrir að allri nútíma heilsugæsluþjónustu sé sinnt á stöðinni þó er undanskilin heimahjúkrun og/eða þjónusta geðheilsuteyma.

Sem dæmi má nefna, að miðað við 15.000 skjólstæðinga þá væri rýmisþörfin samkvæmt þessum viðmiðum um 1.350 fermetrar.

Ef heimahjúkrun, þjónusta geðheilsuteymis eða önnur þjónusta sem ekki fellur undir almenna þjónustu allra heilsugæslustöðva er einnig veitt frá viðkomandi heilsugæslu þarf að fjölga fermetrum þeirrar heilsugæslu út frá umfangi þjónustunnar.

Horfa þarf á skipulag húsnæðis og rýma út frá línulegri stjórnun og teymisvinnu. Æskilegt er að rými fyrir starfsmenn sem vinna náið saman liggi samhliða hvert öðru og að auðvelt sé að nálgast öll aðföng sem til þarf svo gott flæði sé í starfseminni og þjónustan gangi sem greiðast fyrir sig.

Þegar gerð er þarfagreining fyrir heilsugæslustöð er gerð grein fyrir fjölda starfsmanna / stöðugilda og fjölpætttri nýtingu rýma, s.s. að hægt sé að opna á milli fundarsalar og matsalar og nýta þannig rýmið til fræðslustarfsemi, námskeiða og þverfaglegs samstarfs. Þá geta starfsmenn einnig í sumum tilfellum samnýtt önnur rými eins og teymisrými og viðtalsherbergi. Þessa samnýtingu þarf að meta og skoða í hverju tilviki fyrir sig.

Grundvallaratriði er að húsnæðið sé sveigjanlegt og geti nýst vel inn í framtíðina til að halda utan um síbreytilega þjónustu.

Sjá nánari sundurliðun á fermetrum í húsrýmisáætlunum í fylgiskjali.

# Fylgiskjal

Húsrýmisáætlun Heilsugæsla													
<p><b>Forsendur um mannafla:</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Húsrýmisáætlun er miðað við heilsugæslustöð, sem þjónar um 15 þúsund skjólstaðingum.</li> <li>Húsrýmisáætlunin gerir ekki ráð fyrir geðheilsuteymi og heimahjúkrun.</li> <li>Húsrýmisáætlun er miðað við að fastir starfsmenn verði allit að 36 innan 5-10 ára.</li> <li>Opnar vinnustöðvar: Miðað er við að 2-6 starfsmenn geti unnið saman í opnum vinnustöðvum.</li> <li>Heildarstærð miðast við 90 m<sup>2</sup> á 1.000 skjólstaðinga.</li> </ol> <p><b>Forsendur:</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Við mat á rýmisþörf viðtalsherbergja er niðurstaðan að þær þurfi að vera frá 12 til 20 fermetrar. Stærðin ræðst m.a. af því hvort óskað er eftir skoðunarbekk upp við vegg með aðkomu á þrjá vegu eða fristandandi skoðunarbekk sem aðkomu á allar hliðar. Önnur nálgun gæti verið að allar einstaklingsstofur væru um 17 fermetrar óháð hvaða faggrein heilsugæslu viðkomandi einstaklingur hefur með höndum.</li> <li>Við nettó rýmisþörf húsnæðisins er að lokum bætt við 25% viðbótarflatarmáli fyrir umferðarrými, snyrtingar o.fl. og 10% fyrir inn- og útveggi.</li> <li>Miðað er við að í húsnæðinu verði matar- og kaffiástaða.</li> </ol>													
Deild	Starfsheiti/heiti rýmis		Almennar skrifstofur/opin rými				Önnur rými		Niðurstöður				
			Lokaðar skrifstofur		Opin teymisrými		Stm	Stærð m <sup>2</sup>	Fjöldi rýma	Vinnu t.	Stærð nettó m <sup>2</sup>	Stærð brúttó m <sup>2</sup>	Fjöldi starfsm.
			Stm	Stærð m <sup>2</sup>	Stm	Stærð m <sup>2</sup>							
<b>Starfsmenn heilsugæslu</b>													
<b>Heilbrigðisstarfsfólk:</b>													
	Viðtalsherbergi I (vötöl -skoðun)	12	20					12	12	240			
	Viðtalsherbergi II (vötöl -skoðun)	5	15					5	5	75			
	Viðtalsherbergi III (vötöl -skoðun)	3	12					2	3	36			
	Opnar vinnustöðvar 1 - (bakvinnsla) - heilbrigðisstarfsmenn			8	7			1	8	56			
<b>Rekstur (7):</b>													
	Rítarar			3	7			1	3	21			
	Starfsmenn í móttöku			4	7			1	4	28			
	Ræstingartæknir					1				0			
<b>Starfsmenn heilsugæslu, alls (nettó-brúttó):</b>		<b>20</b>		<b>15</b>		<b>1</b>	<b>0</b>	<b>22</b>	<b>35</b>	<b>456</b>	<b>627</b>	<b>36</b>	
<b>Þjónusturými (sameiginleg rými)</b>													
	Móttaka - biðstofa m. bamahomi						70	1	0	70			
	Móttaka - vakt - vötöl						15	3	0	45			
	Aðgerðarstofa						20	2	0	40			
	Skol og sóttþreinsun og þökkun						15	1	0	15			
	Rannsóknastofa						25	1	0	25			
	Ungbarnavernd - biðstofa-forrymi						15	1	0	15			
	Ungbarnavernd						15	2	0	30			
	Mæðravernd						15	1	0	15			
	Eldhús - matar og kaffistofa - tvísetin						50	1	0	50			
	Fundur (f. ca 25) hægt að opna á milli í matstofu						35	1	0	35			
	Minni fundir (8-10) - næðisrými						15	2	0	30			
	Afdrep vegna opinna starfsstöðva (næði-sími)						4	2	0	8			
	Ljósritun/prentun						10	1	0	10			
	Geymsla á skrifstofuvörum						10	1	0	10			
	Lyfjaherbergi						10	1	0	10			
	Geymsla - lager fyrir hjúkrunarvörur						30	1	0	30			
	Geymsla - sorpflokkun						15	1	0	15			
	Geymsla - eldri sjúkraskrár						10	1	0	10			
	Búningaástaða m. sturtu (2 x 20 m <sup>2</sup> eða eitt rými)						20	2	0	40			
	Reiðhjólageymsla - yfirbyggð og læst (getur verið á lóð)						0	0	0	0			
	Tæknirými - loftræsting - tæknikerfi						15	1	0	15			
	Tækni - og töluherbergi (sever)						8	1	0	8			
<b>Þjónusturými alls (nettó-brúttó):</b>		<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>422</b>	<b>28</b>	<b>0</b>	<b>526</b>	<b>723</b>		
		<b>20</b>	<b>0</b>	<b>15</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>422</b>	<b>50</b>	<b>35</b>	<b>982</b>	<b>1350</b>	<b>36</b>	
		Stm.	m <sup>2</sup>	Stm.	m <sup>2</sup>	Stm.	m <sup>2</sup>	Fj. rýma	Vinnu st.			Heildarfjöldi starfsm.	

Tegund rýma	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi rýma	Fjöldi vinnustöðva
Viðtalsherbergi	20	20	20
Opnar vinnustöðvar	16	3	16
Önnur rými		18	
Fundarrými		3	
Geymslur		5	
Aðrar geymslur (tækni)		2	
<b>Heildarfjöldi starfsmanna - rýma - vinnustöðva</b>	<b>36</b>	<b>51</b>	<b>36</b>
		<b>Nettó</b>	<b>Brúttó</b>
<b>Stærð húsnæðis alls í fermetrum, nettó/brúttó (reiknuð stærð)</b>		<b>982</b>	<b>1350</b>
		<b>Einst. rými</b>	<b>Önnur rými</b>
Starfsmenn í einstaklingsrýmum á móti opnum vinnustöðvum/önnur rými (%)		55,6%	44,4%
Rými pr. starfsmann			37,5
Rými pr. heild			
		<b>Nettó</b>	<b>Brúttó</b>
<b>Heildarstærð húsnæðis í m<sup>2</sup></b>		<b>982</b>	<b>1350</b>



